



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2021

## KVIK1HS05

### Kvikmyndafræði: Hugtök II

<b>Kennari:</b>	<b>Stefán Hannesson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SHA</b>
-----------------	-------------------------	---------------	------------

<b>Titill</b>	<b>Kvikmyndafræði: Hugtök II</b>
<b>Námsgrein</b>	Kvikmyndafræði
<b>Viðfangsefni</b>	Tæknilegir grunnþættir kvikmyndalistar II
<b>Skammstöfun</b>	KVIK1HS05
<b>Prep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Lýsing</b>	Farið í helstu hugtök kvikmyndalistarinnar með hagnýtum dæmum úr nokkrum kvikmyndasöngleikjum. Skoðuð myndin <i>Visions of Light: The Art of Cinematography</i> . Kennslubók: Fjölrit frá kennara Síma- og tölvunotkun einungis leyfð við verkefnavinnu Ekki er tekið við skilaboðum á Facebook, einungis tölvupósti
<b>Forkröfur</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi hugtökum</b> (hér að mestu í stafrófsröð): <ul style="list-style-type: none"><li>• Leikmynd, leikstjórn, linsur og listrænar kvikmyndir</li><li>• Listræn stjórn (art direction), lota (shot) og loturöð</li><li>• Löng taka, lýsing, Marxismi (áhrif í sovískum kvikmyndum)</li><li>• Víxlklipping (crosscutting), millitextar, mjúk skerpa</li><li>• Montage (klipping), myndskerpa (focus), myrkraræma (film noir)</li><li>• Neðantaka (low-angle shot), nýbylgja, nýraunsæi (neorealism)</li><li>• Raddsetning (voice-over), römmun (framing) og skerpuskripti</li><li>• Samhengi (continuity), sígildar kvikmyndir (Hollywood)</li><li>• Skygging, snúningslota (pan), spóla (reel) og stjörnukerfi</li><li>• Súrrealismi og sviðsetning (mise-en-scène)</li><li>• Taka (take), talsetning, tónskrá (score) og töfralampi</li><li>• Töfraraunsæi, uppskipt mynd (split screen) og víxlklipping</li><li>• Weimar kvikmyndir, þysjun (zoom) og þýddur texti (subtitles)</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að tjá sig með tækni-hugtökum um kvikmyndir á gagnrýnan hátt</li><li>• Að bera saman ólíkar tegundir kvikmynda</li></ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Útbúa sín eigin kvikmyndahandrit</li><li>• Ræða af öryggi um tækniþætti kvikmyndalistar</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Símat: Tvö próf (30%), ýmis verkefni (60%) og ritgerð (10%) sem fjallar um handritsgerð með áherslu á klippingar.

Birt með fyrirvara um breytingar

Selfossi  
06.01.2021  
Stefán Hannesson